

Samþykkt fyrir stjórn Akureyrarstofu

Um verkefni stjórnar Akureyrarstofu

1. gr.

Stjórn Akureyrarstofu fer með stjórn menningar-, atvinnu-, ferða-, markaðs-, viðburða- og kynningarmála Akureyrarbæjar í umboði bæjarstjórnar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar.

2. gr.

Stjórn Akureyrarstofu gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði menningar-, atvinnu-, ferða-, viðburða-, markaðs- og kynningarmála Akureyrarbæjar, mótar framtíðarsýn í þeim málum, vinnur að samhæfingu aðgerða á þessum sviðum og er tengiliður sveitarstjórnar og atvinnulífs. Stjórnin fylgist með því að stofnanir á hennar vegum vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og að starfsemi þeirra sé skilvirk og hagkvæm.

3. gr.

Helstu verkefni stjórnar Akureyrarstofu eru:

- a) að stuðla að öflugum starfi í málaflokkum sínum og hafa um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði, m.a. með gerð sérstakra samstarfssamninga þar sem það á við,
- b) að efla og samræma kynningar- og markaðsmál Akureyrarbæjar,
- c) að hafa eftirlit með rekstri stofnana Akureyrarbæjar sem starfa á verksviði hennar,
- d) að fylgjast með starfsemi stofnana og félaga er njóta styrkja stjórnar Akureyrarstofu,
- e) að líta eftir að til séu sem gleggstar upplýsingar um verkefni á sviði stjórnarinnar og að upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er séu aðgengilegar á einum stað fyrir bæjarbúa, ferðafólk og aðra,
- f) að hafa eftirlit með framkvæmd samninga sem gerðir eru við ráðuneyti um samstarf ríkisins og Akureyrarbæjar um málefni á verksviði stjórnarinnar,
- g) að skapa samráðsvettvang milli bæjarfélagsins og hagsmunaaðila á verkefnasviði stjórnar Akureyrarstofu og gæta hagsmuna atvinnu- og menningarlífs í bænum eftir því sem við á,
- h) að innleiða og vinna að þeirri stefnumörkun sem um málaflokka stjórnarinnar gilda hverju sinni og forgangsraða og fylgja eftir verkefnum sem tilgreind eru,
- i) að stuðla að samvinnu og samvitund um málaflokka stjórnarinnar innan bæjarkerfis og í atvinnulífinu eftir því sem við á. Slíkt skal gert með samvinnu og skilvirku upplýsingaflæði um þróun og áherslur í einstökum greinum,
- j) að halda uppi virku samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Markaðsstofu Norðurlands sem og aðra stuðningsaðila atvinnulífsins, sem og mennta- og rannsóknastofnanir,
- k) að vinna sérstaklega að auknum og reglulegum tengslum skólakerfis við atvinnu- og menningarlíf,
- l) að hvetja fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri og menningarstarfi t.d. með veitingu viðurkenninga,
- m) að vinna að öðrum þeim verkefnum sem stjórnin telur að efli athafnalíf á verksviði stjórnarinnar.

4. gr.

Stjórn Akureyrarstofu hefur eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða byggðra á þeim eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem þau leggja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- a) safnalaga nr. 141/2011,
- b) laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011,
- c) laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997,
- d) leiklistarlaga nr. 138/1998,
- e) annarra laga og reglugerða sem gilda á hverjum tíma um verkefni stjórnarinnar.

5. gr.

Stjórn Akureyrarstofu hefur eftirfarandi hlutverk í samræmi við samþykktir sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur staðfest:

- a) fer með þau störf sem stjórn bókasafna eru falin skv. 7. gr. laga nr. 36/1997 um almenningubókasöfn og skv. reglugerðum byggðum á lögunum,
- b) fer með stjórn Húsverndarsjóðs Akureyrar, sbr. samþykkt bæjarstjórnar um sjóðinn,
- c) fer með stjórn Menningarsjóðs Akureyrar, sbr. samþykkt bæjarstjórnar um sjóðinn,
- d) fer með stjórn Héraðsskjalasafnsins á Akureyri í umboði bæjarstjórnar Akureyrar og annarra sveitarfélaga sem að safninu standa skv. samþykkt þar að lútandi sem var staðfest af þjóðskjalaverði 28.nóvember 2012,
- e) fer með stjórn Listasafnsins á Akureyri, sbr. samþykkt bæjarstjórnar um safnið,
- f) velur listamenn sem hljóta starfslaun skv. reglum Akureyrarbæjar um starfslaun til listamanna,
- g) hefur eftirlit með samningi um rekstur Menningarfélags Akureyrar,
- h) hefur umsjón með samstarfi Akureyrarbæjar við vinabæi og við aðra erlenda aðila sem sérstakir samningar hafa verið gerðir við á starfssviði Akureyrarstofu,
- i) hefur yfirumsjón með samskiptum við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Markaðsstofu Norðurlands,
hefur yfirumsjón með samskiptum við Eyþing og önnur samstarfsverkefni á verkswiði stjórnarinnar sem sveitarfélög á svæðinu kunna að ráðast í.

6. gr.

Stjórn Akureyrarstofu getur veitt styrki til verkefna innan málaflokkanna samkvæmt reglum þeirra sjóða sem henni eru faldir til umsjónar og í samræmi við Reglur um styrkveitingar Akureyrarkaupstaðar.

7. gr.

Stjórn Akureyrarstofu tilnefnir m.a.:

- a) þrjá fulltrúa í stjórn Minjasafnsins á Akureyri, m.a. til að fara með umboð Akureyrarbæjar á aðalfundi safnsins,
- b) þrjá fulltrúa í stjórn Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands,
- c) tvo fulltrúa í stjórn Iðnaðarsafnsins á Akureyri,
- d) einn fulltrúa í stjórn Menningarfélags Akureyrar.

8. gr.

Stjórn Akureyrarstofu starfar í samræmi við:

- a) reglur, samþykktir og samþykktar stefnur bæjarstjórnar sem tengjast verkefnum stjórnarinnar svo sem menningarstefnu Akureyrarbæjar, atvinnustefnu Akureyrarbæjar og ferðamálastefnu Akureyrarbæjar.
- b) almennar reglur, samþykktir og stefnur bæjarstjórnar, svo sem mannauðsstefnu Akureyrarbæjar og jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar.

Um skipan stjórnar Akureyrarstofu

9. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í stjórn Akureyrarstofu til fjögurra ára og fimm til vara. Bæjarstjórn kys formann og varaformann. Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í stjórn Akureyrarstofu má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í stjórn Akureyrarstofu með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúa er heimilt að tilnefna varamann í forföllum sínum.

10. gr.

Formaður stjórnar Akureyrarstofu stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar stjórnarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

11. gr.

Stjórn Akureyrarstofu heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir stjórnarmenn óska þess.

12. gr.

Sviðsstjóri samfélagssviðs situr að jafnaði fundi í stjórn Akureyrarstofu með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi stjórnarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

Um yfirstjórn Akureyrarstofu

13. gr.

Bæjarstjóri ræður sviðsstjóra samfélagssviðs, að höfðu samráði við stjórn Akureyrarstofu og frístundaráð bæjarins. Sviðsstjóri samfélagssviðs ræður deildarstjóra að höfðu samráði við stjórn Akureyrarstofu. Sviðsstjóri samfélagssviðs, deildarstjóri og forstöðumenn stofnana sem heyra undir sviðið ráða aðra starfsmenn.

14. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til stjórnar Akureyrarstofu vegna fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár. Stjórnin gerir starfsáætlun í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Tillögur um breytingar á þjónustu skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar. Breytingar á gjaldskrá þarf að samþykkja í bæjarráði.

Sviðsstjóri samfélagssviðs leggur fyrir stjórnina tillögu um fjárhagsáætlun málaflokksins sem stjórn Akureyrarstofu skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

15. gr.

Formaður stjórnar Akureyrarstofu er í forsvari fyrir stjórnina um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Sviðsstjóri samfélagssviðs ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu málaflokksins, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana stjórnarinnar.

Um fundarsköp stjórnar Akureyrarstofu

16. gr.

Um fundarsköp á fundum stjórnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar og verklagsreglur um fundarritun.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra stjórnarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski stjórnarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í stjórn Akureyrarstofu þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver stjórnarmaður óskar þess.

Fundir stjórnar Akureyrarstofu eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Nefndin skal þó halda a.m.k. einn fund á ári opin almennungi. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Stjórn Akureyrarstofu getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða stjórn Akureyrarstofu ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. tveir stjórnarmenn óska eftir því með bókun. Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

17. gr.

Samfélagssvið leggur stjórninni til fundaraðstöðu og fundarritara. Um ritun fundargerða stjórnar Akureyrarstofu gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. og 31. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar og verklagsreglur um fundarritun.

Ritari stjórnar Akureyrarstofu skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók upphafstíma fundar, fundarslit, í hve mörgum dagskrárliðum fundargerð er og á hve mörgum blaðsíðum tölvuskráða fundargerðin er. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok og áheyrnarfulltrúar þar á eftir.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a) fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn aðalmanna, varamanna og áheyrnarfulltrúa sem sækja fundinn og fyrir hvaða aðalmenn varamenn sitja fundinn,
- c) nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,

- d) heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e) greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f) bókanir stjórnarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við
- g) að fundarmaður hafi vikið af fundi eða komið til fundar eftir að hann hófst, ef svo ber undir.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð lesin upp prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna úr minnihluta setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalasafni Akureyrarbæjar. Stjórnsýslusvið sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Akureyrarbæjar. Sviðsstjóri samfélagssviðs sér um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í stjórn Akureyrarstofu, um málalok.

Um hæfi og skyldur stjórnarmanna og annarra fundarmanna

18. gr.

Um hæfi stjórnarmanna stjórnar Akureyrarstofu gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar.

Um hæfi starfsmanna stjórnarinnar gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. II. kafa stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar.

19. gr.

Stjórnarmönnum er skylt að sækja alla fundi stjórnar Akureyrarstofu nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé stjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Stjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að stjórnarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Málsmeðferðareglur stjórnar Akureyrarstofu

20. gr.

Við meðferð mála hjá stjórn Akureyrarstofu er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu stjórnarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Stjórn Akureyrarstofu skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá stjórninni. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum stjórnar Akureyrarstofu áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ákvörðun stjórnar Akureyrarstofu skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Þó þarf ekki að rökstyðja afgreiðslu umsókna um styrki á sviði lista og menningar. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kærueheimild og kærufrest.

Heimildir til fullnaðarákvarðana

21. gr.

Stjórn Akureyrarstofu er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði hennar ef

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun
- c) þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

22. gr.

Sviðsstjóri samfélagssviðs afgreiðir mál sem stjórnin felur honum að afgreiða eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Mál sem sviðsstjóri afgreiðir í umboði stjórnar Akureyrarstofu skulu kynnt stjórninni með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

Endurupptaka máls

23. gr.

Eftir að stjórn Akureyrarstofu eða starfsmenn hennar hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

Stjórnsýslukæra

24. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun stjórnar Akureyrarstofu eða starfsmanna hennar til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju. Þó er ekki hægt að kæra ákvarðanir um styrki til menningar- eða listastarfsemi.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun stjórnarinnar eða starfsmanna hennar nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Gildi samþykktarinnar

25. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 20.7.2017.